

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, miðvikudaginn 4. janúar kl. 16:00 var haldinn 328. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað. Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Kjartan Magnússon, Skúli Helgason, Þórður Gunnarsson og Guðveig Lind Eyglóardóttir. Skúli Helgason og Valgarður Lyngdal Jónsson tóku þátt um fjarfundabúnað. Fundarritari var Elín Smáradóttir.

### Þetta gerðist:

Gylfi Magnússon, stjórnarformaður setti fundinn og bauð nýtt stjórnarfólk velkomið í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

- Ráðningarferli nýs forstjóra: Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastýra mannauðs og menningar mætti til fundarins ásamt Auði Bjarnadóttur og Hilmar G. Hjaltasyni, ráðgjöfum frá Vinnvinn og gerð grein fyrir ráðningaferli nýs forstjóra. Umræður um áframhaldandi fyrirkomulag. Akveðið að viðtöl við umsækjendur sem eftir eru verði haldin mánudaginn 30. janúar nk. og að óskað verði eftir því við Brynhildi Davíðsdóttur og Eypór Laxdal Arnalds að þau komi að ferlinu sem ráðgjafar.
- Skipan starfskjaranefndar. Skipa þarf fulltrúa í starfskjaranefnd í stað Eypórs Laxdal Arnalds. Gert er ráð fyrir að það verði gert á næsta reglulega fundi þann 23. janúar nk.
- Kjartan Magnússon leggur fram eftirfarandi fyrirspurn:

Sú ósk er hér með ítrekuð að stjórnarmenn Orkuveitu Reykjavíkur fái aðgang að nýgerðum viðskiptasamningi milli Ljósleiðarans, dótturfyrirtækis Orkuveitunnar, og Sýnar. Jafnframt er óskað eftir greinargerð um helstu efnisatriði umrædds samnings og vænt áhrif hans á fjárhagssþá og skuldastöðu OR-samstæðunnar, þar sem um er að ræða einhvern stærsta viðskiptasamning sem gerður hefur verið innan hennar.
- Kjartan Magnússon og Þórður Gunnarsson leggja fram eftirfarandi fyrirspurn:

Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum um heildarkostnað við byggingu höfuðstöðva Orkuveitunnar. Er þá átt við áfallinn kostnað vegna byggingar Orkuveituhússins og byggingar/kaupa á tengdum byggingum. Einnig er átt við kostnað vegna viðhalds og endurbóta á Orkuveituhúsinu og tengdum byggingum frá því þær voru teknar í notkun. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um áfallinn kostnað, sem og áætlaðan lokakostnað, vegna endurbyggingar vesturhússins, sem nú stendur yfir. Óskað er eftir því að tölur í framlögðu svari verði núvirtar.

**Fleira gerðist ekki.**

**Fundi slitið kl. 17:20.**

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 23. janúar 2023.**

Gylfi Magnússon

Vala Valtýsdóttir  
Skúli Helgason  
Valgarður Lyngdal Jónsson

Kjartan Magnússon  
Þórður Gunnarsson,  
Guðveig Lind Eyglóardóttir